



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

8. árgangur 7. tbl.

Ágúst 2011

Þjórsárstofa

Opin alla daga frá kl. 10:00 - 18:00

Upplýsingar um sveitarfélagið, gróðurfar, dýralíf,
þjónustu, söguna, fornminjar, jarðfræði ofl.



Hér má sjá t.d. matarask úr Grímsnesi, göngustaf Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi, sauðskinnskó og skyrgind frá Hlíð, reislu smíðaða af Einar Gestssyni á Hæli og rúmfjöl frá Þrándarholti. Einnig rjúpur og ýmsar bergtegundir úr Þjórsárdal sumar um 8.500 ára gamlar.



Skólasetning.

Skólasetning Þjorsárskóla fer fram í sal skólans mánudaginn 22. ágúst kl. 15:00.

Foreldrar eru hvattir til að mæta með nemendum þennan fyrsta dag en ef óskað er eftir akstri milli heimilis og skóla eru foreldrar vinsamlegast beðnir um að hafa samband við skólann í síðasta lagi daginn áður og láta vita. Nemendur hitta kennara sína þennan dag og fá afhentar stundatölur.

Skólavistun.

Skólavistun Þjorsárskóla er í boði fjóra daga vikunnar, þ.e. mánudaga til fimmtudaga frá skólalokum til kl. 17. Boðið verður upp á akstur í Brautarholt í lok dags ca. milli 16 og 17. En það fer eftir skráningu og þörf. Þeir sem óska eftir skólavistun fyrir börn sín skólaárið 2011-2012 sendi tölvu-póst til umsjónarmanns skólavistunar Bryndísar Baldursdóttur á netfangið bryndis@thjorsarskoli.is eða til skólastjóra á netfangið bolette@thjorsarskoli.is. Við skráningu þarf að koma fram nafn barns, vistunardagar, tími hvers dags og hvort barnið nýti sér akstur í Brautarholt. Mikilvægt er að fá skráningu sem fyrst vegna skipulagningar. Frekari upplýsingar eru að finna á heimasíðu skólans www.thjorsarskoli.is

Innkaupalisti.

Fljótlega verða birtir innkaupalistar fyrir alla hópa á heimasíðu skólans .

Útilega.

Fyrirhuguð er hin árlega útilega í Þjorsárdalsskógi fimmtudaginn 25. ágúst. Dvalið er eina nótt í skóginum og foreldrar eru að vanda hjartanlega velkomnir með.

Breyttar tímasetningar.

Skólinn hefst kl 8:30 alla daga. Nemendur 1. til 4. bekkjar fara heim kl 12:00 á mánudögum en eldri nemendur verða samferða Flúðaskólanemendum sem eru búnir kl 15:10 á Flúðum. Þriðjudaga til fimmtudaga fara allir heim kl 14:30 og kl 12:30 á föstudögum. Bestu kveðjur. Bolette, skólastjóri.

Réttir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2011!

Skaftholtsréttir föstudaginn 16. september

Reykjaréttir laugardaginn 17. september

Tímasetning auglýst á www.skeidgnup.is og í sept. Fréttarbr. 15.9.

Í Reykjaréttum 2009



Vinnudagur í Skaftholtsréttum

verður sunnudaginn 21. ágúst n.k. kl. 13:00

Hestaréttin ásamt fleiru er á dagskrá.

Vinnufúsar hendur
velkomnar!

Hittumst hress og kát.

Vinir Skaftholtsréttar.



Útskrift 2011!

Kristbjörg Viglín Víkingsdóttir Grænuhlíð útskrifist af ljósmyndabraut frá Tækniskólanum 21. maí s.l.

Pálína Axelsdóttir Eystra-Geldingaholti varð stúdent af náttúrufræðibraut Kvennaskólans þann 27. maí. s.l

Guðbjörg Finnbogadóttir Minni-Mástungu stúdent af málabraut Menntaskólans við Hamrahlíð þann 28. maí.

Við óskum þeim innilega til hamingju með áfangann!



Laus störf við Flúðaskóla

Skólaritari og starfsmann í ræstingar



Skólaritari í 50% starfshlutfall frá 1. september 2011.

Vinnutími 9:00 – 13:00.

Viðkomandi þarf að hafa góða tölvukunnáttu, vera vel ritfær og geta unnið sjálfstætt.

Starfsmann við ræstingar í 75% starfshlutfall frá 22. ágúst.

Vinnutími 12:00 – 18:00.

Við erum að leita að jákvæðum einstaklingum með góða samskiptagreind.

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanefnd sveitarfélaga og Foss.

Upplýsingar gefa Guðrún og
Jóhanna Lilja í síma 480 6610.



Næsta fréttabréf kemur út 15. sept. 2011.

Skilafrestur efnis til 10. sept. 2011.

Umsjón: Kristjana H. Gestsdóttir

frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Gunnar Örn Marteinsson, oddviti
Opnunartími skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps
er mánudaga-fimmtudaga kl. 9–12 og 13–15.

Sími 486-6014 Fax 486-6091

Sími í Áhaldahúsi 486-6118 og

893-4426 Ari Einarsson

Hundafangari sveitarfélagsins

Ragnar Sigurjónsson í síma 859-9559.

Kvenfélag Gnúpverja

hefur staðið fyrir gönguferðum í ágúst og gengið hefur verið þegar tvisvar sinnum. Góð þátttaka var og hvetjum við alla, konur og karla, sem hafa áhuga og ánægju af útivist að ganga með okkur.

3. gangan verður 22. ágúst.

Þá verður gengið frá Hlíð og inn með Laxá.

4. gangan verður 29. ágúst.

Þá göngum við "Skattstigann."

Allar göngurnar byrja klukkan 19.30.

Útivistarnefnd Kvenfélags Gnúpverja.

Dúdda og Hrafnhildur.



Gæðingamót Smára

Gæðingamót Smára fer fram í

Torfdal þann 20 ágúst. Keppt verður í :

Barnaflokki (10-13 ára)

Unglingaflokki (14-17 ára)

Ungmennaflokki (18-21 árs)

A flokki

B flokki

Opin töltkeppni

SMÁRI



Skráningum skal skilað á smari@smari.is fyrir kl. 20 þann 16. ágúst.

Í skráningu þarf að koma fram nafn og kennitala knapa, is númer hests, nafn og litur, í hvaða flokki skal keppt og upp á hvora höndina skal riðið Sé greiðandi annar en knapi skal taka nafn knapa fram í skýringu.

Skráningargjald er í fullorðins og ungmennaflokk 2.500 kr. fyrir fyrsta hest en 1500 kr eftir það og í barna og unglíngaflokk 1500 kr. Skráningargjald í töltkeppni er 3000 kr.

Skráningargjald skal leggja inn á reikn. Banki: 325-26-39003

Kennitala: 431088-1509

19. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Priðjudaginn 09.08.2011 í Árnesi kl. 13:00.

Mættir: Gunnar Örn Marteinnsson, Jón Vilmundarson, Sigrún Guðlaugsdóttir 1. vara-
maður Hörpu Dísar Harðardóttur, Oddur Guðni Bjarnason, og Björgvin Skafti Bjarna-
son. Kristjana H. Gestsdóttir ritaði fundargerð.

Gunnar Örn setti fund og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

1. Fundargerð skólanefndar fundur nr. 10 haldinn 21.06. 2011.
Farið yfir tilhögun skólaaksturs og jafnframt rædd starfsmannamál.
Fundargerð skólanefndar nr. 10 staðfest.
2. Fundargerð félagsmálanefndar 138. fundur haldinn 09.06.11.
Fundargerð staðfest.
3. Fundargerð skipulags-og byggingarnefndar 37. fundur haldinn 28.07.2011, jafnframt lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa 67. fundur haldinn 13.07.2011. Fundagerð skipulags- og byggingarnefndar nr. 37 staðfest. Afgreiðslu- fundargerð byggingarfulltrúa nr. 67 lögð fram.
4. Ósk frá Tónkjallarunum um framlengingu á samningi við sveitarfélagið.
Erindi Tónkjallarans frestað til næsta sveitarstjórnarfundar.
5. Erindi frá Sýslumanninum á Selfossi þar sem óskað er eftir umsögn um breytingar á rekstrar leyfi hjá Matsofunni Árnesi kt.550311-0540.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir fyrir sitt leyti vegnar rekstrarleyfis Mat stofunnar Árnesi.
6. Tilboð í uppbyggingu ramps á gámasvæðinu við Brautarholt, jafnframt farið yfir aðrar framkvæmdir á því svæði.
Tekið var tilboði frá Ingimar Þorbjörnssyni, Andrésfjósum í jarðvinnuna og tilboði Þrándarholts sf var tekið í uppsteypu og byggingu ramps.
7. Samningur milli Vegagerðarinnar og SASS um almenningsamgöngur milli Suður lands og höfuðborgarsvæðisins.
Sveitarstjórn bendir á að Árnes er ekki inn í væntanlegu leiðakerfi og telur að útfæra þurfi akstursleiðir betur og kostnaðarskipting þurfi að vera á hreinu áður en afstaða er tekin til málsins.
8. Erindi frá Matstofunni Árnesi varðandi rekstur á tjaldsvæði við Árnes og Þjórsár stofu. Sveitarstjórn býður þeim aðilum sem sýnt hafa tjaldsvæðinu áhuga að skila inn hugmyndum sínum að rekstri tjaldsvæðisins fyrir næsta sveitarstjórnarfund.

Mál tilkynningar

- A. Fundargerð 3. aðalfundar Háskólafélags Suðurlands haldinn 14.06.2011.
- B. Fundargerð stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 301. fundur haldinn 14.06.2011.
- C. Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands 204. fundur haldinn 10.06.2011.
- D. Erindi frá Umhverfisráðuneyti vegna dags íslenskrar náttúru þann 16.09.2011.
- E. Heildaryfirlit yfir framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga mánuðina janúar-júní 2011.
Fleira ekki. Fundi slitið kl. 16:00.

Reiðhöllin á Flúðum auglýsir úrtöku fyrir Uppsveitadeildina.

Þátttakendur skulu vera félagar í hestamannafélögunum Loga, Trausta og Smára.



Úrtakan verður haldin í reiðhöllinni þann 27 ágúst kl 14:00 keppt verður í fjórgangi og fimmgangi eftir FI-FIPO reglum. Keppt verður um 11 laus sæti í deildinni þ.e. 6 sæti Smárafélaga, 2 sæti Logafélaga og 3 sæti Traustafélaga.

Skráningar sendist á ksb@internet.is við skráningu komi fram IS nr hests og kt knapa.

Skráningum skal lokið fyrir kl 20:00 þriðjudaginn 23. ágúst. Skráningargjald er 3.000 kr og greiðist á staðnum. Hægt verður að nálgast reglurnar á heimasíðum hestamannafélagana.

www.smari.is

Afréttakort milli Þjórsár og Hvítár!

Endurútfengið kort, með örnefnum, af afréttum Gnúpverja, Flóamanna og Hrunamanna er til sölu á skrifstofunni í Árnesi og kostar **kr. 500.- Gott í fjallferðina!**

Flúða Taxi



Sími 893 1462

Dagsferð til Vestmannaeyja

Sunnudaginn 21. ágúst býður **Gaukur Travel** íbúum í uppsveitum Árnassýslu að ferðast dags-skoðunarferð til Vestmannaeyja. Sigling með Herjólfri kl. 13:00 frá Landeyjarhöfn, dvalið í Eyjum og sigling til baka kl. 20:30.

Rútuferðir verða frá eftirfarandi stöðum:

Félagsheimilinu Aratungu	kl. 10:30
Félagsheimilinu Flúðum	kl. 11:00
Félagsheimilinu Árnesi	kl. 11:00

Kynningarverð kr. 9.900,- pr. mann

eldri borgarar, öryrkjar, 13 ára og yngri kr. 8500,-

Allar nánari upplýsingar í sínum 897 11 12 eða 897 80 18.
Skráning í ferðina lýkur 19. ágúst



Gaukur Travel



897 11 12
897 80 18



www.gaukur-travel.is
gaukur-travel@gaukur-travel.is



Á DÖFINNI



Gaukur Travel mun bjóða fleiri ferðir í ágúst og september

- Sunnudaginn 28. ágúst verður farin Skógarferð í Þjórsárdal
- Sunnudaginn 4. september er í íbúum í Vestmannaeyjum boðið í Þjórsárdalinn
- Sunnudaginn 11. september verður farin dagsferð inn í Landmannalaugar
- Sunnudaginn 25. september er Rústarölt um Þjórsárdalinn

Til matvælaframleiðenda!

Í mötuneyti Flúðaskóla eru framreiddir um 270 matarskammtar í hádegi hvern virkan dag meðan skólinn er starfræktur. Auk nemenda grunnskólans er mötuneytið starfrækt fyrir elliheimilið, leikskólann og starfsmenn hreppsins. Stefna Flúðaskóla er að versla sem mest af því hráefni úr nágrenninu. Óskum eftir að framleiðendur grænmetis, kjöts eða fisks í nágrenninu, sem áhuga hafa á viðskiptum við skólann sendi tölvupóst til fludaskoli@fludaskoli.is sem fyrst. Vörur verða valdar með tilliti til gæða og verðs.

Skólastjóri.

Ný búgrein í

Skeiða og Gnúpverjahreppi

Á Álfsstöðum II, Húsatóftum og Löngumýri hér í sveit er starfræktur býflugnabúskapur. Kjartan og Dorothee á Löngumýri, Guðjón, Valgerður og Vigdís Guðjónsd. á Húsatóftum byrjuðu s.l. vor



Vigdís með einn ramma.

en Vigdís Hulda Sigurðardóttir og Sigmundur Þorsteinsson á Álfsstöðum II hófu búskapinn fyrir þremur árum, í Reykjavík en eru nú flutt með reksturinn hingað í sveitina. Þetta er öflugur búskapur hjá þeim Álfstaðabændum og er með stærri búum landsins. Afurðirnar eru að sjálfsögðu hunang og býflugnavax sem þau selja m.a. í Matsofunni Árnesi, Bændamarkaðinum á Flúðum, og Búbót í Þingborg. Í Húsadýragarðinum 27. ágúst n.k. hafa býflugnabændur til sölu afurðir sínar, en þær eru yfirleitt teknar í lok ágúst eða byrjun september. Vonandi mun búskapurinn ganga vel hjá þeim öllum. KHG

Vigfús Finnsson

Fúsi Finns, var hann kallaður í daglegu tali eða Fúsi í Haga, en hjónin í Haga, Margrét Eiríksdóttir og Stefán Sigurðsson tóku hann að sér eftir að hann var fluttur hreppaflutningi austan frá Haukadal á Rangárvöllum vestur í Gnúpverjahrepp, en þar átti hann sveit.

Í Haukadal bjó hann í níu ár með ráðskonu sem Pálína hét. Þau voru ein í kotinu og komust af eins og aðrir, en Fúsi var á innra lund sérkennilegur og óttuðust sveitungar hans þar að hann yrði þar sveitfastur en til þess þurfti tíu ára búsetu, og þá var þetta kaldranalega ráð tekið, að flytja hann á sína sveit.

Ekki veit ég hvar hann var fæddur, en hann var búinn að vera vinnumaður í Haga hjá Vigfúsi Guðmundssyni um nokkurra ára bil, stundum var hann á hálfgerðum flækingi.

Á vertíðinni var hann stundum að flækjast niður á Eyrarbakka og fékk þá stundum að fljóta einn og einn róður.

Aðdragandinn að því var sá, að hann var þarna án þess að vera ráðinn á skip var að hann gekk á milli formannanna og bað þá um að lofa sér að fljóta eina ferð. En fékk slæmar undirtektir.

Einn formaðurinn hét Páll Grímsson og var pabbi minn háseti hjá honum og fleiri úr Gnúpverjahreppi. Páll var eitthvað seinna fyrir en hinir, og kallar til Fúsa, þegar hann frétti hvaða undirtektir hann hafði fengið, og segir að hann skuli koma með sér.

Þá kom það upp úr kafinu að Fúsi hafði engan sjóstakk. Páll vísar honum á stakk og segist bíða meðan hann sæki stakkinn, en Páll var mikill hugmaður, og þótti þetta nokkuð sérstakt, ekki síður fyrir það, að hann var vanur að vera með þeim fyrstu út.

Fúsi var á hinn bóginn þekktastur fyrir að vera í meira lagi svifaseinn. En loksins kom hann og er þá lagt frá landi og eru þeir síðastir.

Þá segir Páll: „Hvert eigum við nú að halda Fúsi?“ „O, vestur í hann, garmur minn, vestur í hann,“ en garmur minn var gæluorð hjá Fúsa. Þeir gerðu sem Fúsi sagði og mokfiskuðu, en hinir komu létthlaðnir heim, og eftir þetta stóð ekki á að lofa Fúsa að fljóta með. Ekki man ég hvort Fúsi var nokkurn tíma fastráðinn hjá Páli, en til var mynd á æskuheimili mínu af skipshöfn Páls Grímssonar og situr Fúsi þar fyrir miðri mynd.

Þegar Fúsi var vinnumaður í Haga hjá Stefáni eins og fyrr er getið, kom upp það vandamál á heimilinu, að vinnukona, sem þar var, eignast barn og gekk illa að feðra það, kenndi hún það vinnumanni sem Jón hét og var í Haga samtímis Fúsa. Jón vildi ekki gangast við barninu, og fór svo að sýslumaður kom til að ræða málin.

Eru þeir báðir kallaðir fyrir rétt, Jón og Fúsi. Þegar kallað er í Fúsa er hann nýkominn frá fjárhúsum og segist munu éta fyrst, áður en hann fari að tala við sýslumann.

En að því kom nú samt, og er sýslumaður þá búinn eitthvað að ræða við Jón, án árangurs. Eins fór þegar hann ræddi við Fúsa, hann taldi sig ekki eiga þarna hlut að máli.

„Gáfuð þér henni ekki einhvern tíma korsilett?“ segir sýslumaður. Jú, segir Fúsi, „hún var þjónustan mín, en ekki hefur hún orðið ólétt af því. En barnið dæmdist á Jón.“

Eftir að Fúsi kom að Haga var honum ekki ætlað neitt starf. Hann gekk um bæinn finn eins og greifi. Hann var með mikið alskegg sem hann greiddi vel og vandlega og varaðist að koma nálægt nokkru sem gat óhreinkað hann.

Gestur, yngsta barn þeirra Margrétar og Stefáns varð í miklu uppáhaldi hjá Fúsa, hélt hann stundum á honum, og breiddi þá skinn á hnéð á sér til öryggis svo drengurinn bleytti hann ekki.

Annt var honum um að hann væri ekki svangur, og gaf honum stundum bita með sér. Margrét sagði mér að hann hefði gengið fast eftir því að „barninu“ væri ekki gleymt. Hann arfleiddi Gest að eigum sínum, sem var fjármarkið hans og koffort.

Þótt Fúsi gerði ekkert eftir að hann kom að Haga, var hann afar húsbónda-hollur, og eftir að Margrét missti manninn, lét hann sér mjög annt um hag Margrétar. En Stefán dó frá ungum börnum eftir mikil og erfið veikindi.

Einu sinni sem oftast er Fúsi úti á hlaði og koma þá nokkrir menn ríðandi og spyrja Fúsa hvort ekki muni vera hægt að fá þarna kaffi.

Hann hélt nú ekki. „Hér býr sárfátæk ekkja með ungum börnum sínum.“ Stundum var það ef hann sá menn koma utan með á, að hann gekk fram í varpan, veifaði hendinni og sagði. „Og inn úr með ykkur, inn úr með ykkur.“ Margrét hló nú að þessu eftir á en þótti þó nóg um húsbóndahollustuna.

Ef hætta var á skúrum og fólkið var í þurrhevi, kom hann stundum til Margrétar og spurði hana hvort að hann ætti ekki að fara fram í varpan og veifa á móti skúrinni, og það gerði hann, og fannst fólkinu það næstum bera árangur.

Þessi frásögn er eftir Jóhönnu Jóhannsdóttur í Haga og er brot úr lífi manns sem var með þeim síðustu (ef ekki sá síðasti) er þurfti á þessari hjálp samfélagsins að halda á síðustu öld hér í sveit. Þá var í Kirkjuritinu grein fyrir margt löngu um að sr.Valdimar Briem hafi borið hag þessa hóps mjög fyrir brjósti og háði hann langa og erfiða baráttu fyrir því að þeir sem lentu í slíkum aðstæðum gætu eitthvað haft um það að segja, hvar þeir dveldu.

Frásögn birt með leyfi JJ.

KHG

Bak við eldavélina.

Uppskrift að léttleika:

Áður en farið er í vinnuna, morgunmatur:
(Tækjabúnaður Mixer)



1 stk. Kiwi ávöxtur skrældur, 1 stk. Banani, 3/4 stór skyrdós(skyr.is), sletta af súrmjólk, þessu er hrært saman í mixer og úr þessu verður ca. 1/2 ltr. af eðal-drukk sem er teygjaður.

Svo er ekkert borðað fyrr en í hádeginu.



Hádegismatur:

Ein og hálf brauðsneið með mareneraðri síld ekkert smjör á brauðið og með þessu er drukkin ein bollasúpa, brauðið sem hentar er frá Samsölubrauð og heitir "Fitty."

Seinna kaffi:

Tebolli eða kaffi og appelsína eða banani.



Kvöldmatur:

Tveir pakkar núðlur (soðið í 3 mín.) 1 dós túnfiskur í vatni, þessu er hrært saman við pastasósu sem hægt er að kaupa í krukkum. Stundum má borða það sem fjölskyldan hefur í matinn ef kalóriurnar er ekki of margar.

Svo er ekkert meira borðað fyrr en daginn eftir.

Ekkert nammi, ekkert gos, bara vatn eða sóðavatn, og svo þarf að labba rösklega 5 km. 4-5 sinnum í viku.

Og sjá kílóin fjúka af.



Variasjón: (bgb)

Seinna kaffi 1 pera og undanrenna.

Gulrætur og kínakál að vild sérstaklega á kvöldin þegar aukabitaþörfin gerir vart við sig.

(Grænmetisósa passar ágætlega á núðlurnar.)

Ef þessi matur er ekki nógu sedjandi þá má alltaf a.m.k í mínu tilfelli kíkja í ísskápinn hjá mömmu!



Ég vil skora á nágranna minn og frænda,
Jón Vilmundarson að láta nú ljós sitt skína!
Kær kveðja.

Bjarni Gunnlaugur Bjarnason.



Fjallskil á Gnúpverjaafrétti!

Þeir sem hafa áhuga á að sækja um leit á Gnúpverjaafrétti í haust sækjið um hjá Lilju í síma 847-8162 til og með 25. ágúst n.k.

Afréttarmálanefnd.

Atvinna!

Starfsmann vantar í 100% starf á Flúðum. Annars vegar í 50 % starf til að hafa umsjón með starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Zero á Flúðum. Hins vegar er um að ræða 50 % starf við þjálfun fyrir körfubolta-deild UMFH. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Möguleiki er að útvega leiguhúsnæði. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða jon@fludir.is og Árni Þór Hilmarsson í síma 849-3870 eða arni@fludaskoli.is. Umsóknnum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 1. sept n.k.




Trússflutningar á Afrétti Flóa og Skeiða.

Stjórn Afréttarmálaráðs Flóa og Skeiða auglýsir eftir áhugasömum aðilum til að taka að sér flutning á kosti í fjallsafni og eftirsafni haustið 2011 í Austur og Vesturleit.

Möguleiki á framtíðar ráðningu.

Nánari upplýsingar gefur Ingvar í síma **891-9597**.



Kertasmiðjan

í Brautarholti

Tjaldsvæðið í Brautarholti

Nánari upplýsingar veita Hermann og Ragnhildur í síma
663 4666 og 893 3999



VÖNDULL ehf FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3
sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. **13:00**
Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. **14:00**.
Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:
856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán



Stuðningsfulltrúi óskast

í 82% starf í Þjorsárskóla frá 22. ágúst um óákveðinn tíma. Umsóknir berist til

Bolette Högh Koch á netfang:

bolette@thjorsarskoli.is eða í s. 486-6051



Þakkar móttökurnar og langar að bjóða þér og þínum í sípu og bjór meðan birgðir

endast á milli 19-21 föstudaginn 19. ágúst.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Kveðja Gauti og Íris.



**Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Bókahúsinu, Brautarholti.**

Opnum aftur eftir sumarfrí 1. september kl. 20—22

Hægt að skila allan sólarhringinn!

bokasafn@skeidgnup.is

S: 486-550

Nefndin!



Fyrir hverja er þjónusta sveitarfélagsins í Skeiða og Gnúpverjahreppi?

Loka á Neslaug hálf tónn! Er það innlegg sveitarstjórnar til að efla og styrkja mannlíf í efri byggðum Skeiða og Gnúpverjahrepps? Sömu sveitarstjórnar og gaf öllum börnum sveitarfélagsins frítt í sund á síðasta ári? Skjótt skipast veður í lofti. Fyrir hverja er sundlaugin í Árnosi, er hún aðallega fyrir ferðamenn sem koma yfir sumartímann? Ef ég tala fyrir sjálfan mig þá fer ég mjög lítið í sund á sumrin, þá er mikið að gera og lítt til að liggja í lauginni, en aftur á móti hef ég reynt að fara með krakkana mína einu sinni í viku yfir vetrartímann þeim til mikillar gleði enda ekki mjög mikil önnur tækifæri fyrir þau í almennri tómstundaiðkun hér í grenndinni. Útsvargreiðendur í þessari sveit vilja hafa einhverja áþreifanlega þjónustu fyrir sig, en mér virðist sem sveitarfélagið leggi sérstaka áherslu á að gera vel við þá sem velja að búa í öðrum og stærri sveitarfélögum þar sem þjónusta er miklu meiri, en koma bara hingað sem gestir á góðviðrisdögum. Það er talað um að fámennt sveitarfélag þurfi ekki nema eina sundlaug, það er auðvitað útaf fyrir sig alveg rétt, það vill bara svo leiðinlega til að sveitarfélagið er langt og með þessari lokun á Neslaug eru 34 km aðra leið fyrir mig að „skreppa“ í sund, eða 68 km fram og til baka. Já vel á minnst það er sama vegalengd og fyrir nýjasta fjölskyldumeðliminn að „skutlast“ í leikskólann. Það er furðulegt að öll þjónustan sé nánast í öðrum enda þessa langa sveitarfélags. Dettur sveitarstjórnarmönnum í hug að undirritaður muni nýta sér mikið opnunartíma laugarinnar í Brautarholti fyrir börnin sín eftir kvöldmat á veturna. Veit ég vel að allt kostar peninga, hvað fóru margir peningar í undirbúning, opnun og rekstur Þjórsárstofu? Og fyrir hvern er hún? Ekki hittast margir íbúar sveitarfélagsins þar á kvöldin eftir vinnu? Ekki suða mín börn "allavegana" í mér á kvöldin að koma með sér í Þjórsárstofu. Ég vil taka það fram að ég er ekkert á móti þeirri ágætu stofu, finnst þetta aðeins lýsandi dæmi um þá forgangsriðun sem er á menningarmálum sveitarfélagsins.

Stundum verða fjörugar umræður í heitapottinum, og þar heyrir maður á sér eldri kynslóð, að hún sér litla framtíð og uppbyggingu verða hér í gamla Gnúpverjahrepp. „Þetta verði allt komið undir sumarbústaði og frístundbyggð að nokkrum áratugum liðnum“. Ég hef verið að malda í móinn enda vonlaust fyrir mig að taka undir slíkar úrtöluraddir á sama tíma og maður byggir upp sitt heimili innst inni Gnúpverjahrepp hinum forna, en þegar maður verður vitni að forgangsriðun í þjónustu og endalausum niðurskurði og alls enga uppbyggingu íbúum til handa, þá hvarflar að manni að trúlega sé þetta sveitarfélag ekki til að búa í, aðeins til að leika sér í á sólbjörtum sumardögum.

Jóhannes H Sigurðsson, Ásólfstöðum.

Viola Snyrtistofa á Flúðum

Högnastíg 1

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsböð
Húðhreinsun
Litun og plokkun
Fótsnyrting
Vaxmeðferð



Hef til sölu húðvörur fyrir
bæði dömur og herra frá
GUINOT
Tímáptanir í síma
856-1599

EIMSKIP

Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum Kjalarvogi og

Kl 13:00 frá Flytjanda Klettagörðum

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Flytjum áburð og skeljasand fyrir alla söluaðila.

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693 gsm: 892-2370

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju. Starfsfólk Flúðaleiðar

Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300

Símatímar lækna alla virka daga kl. 9-9:30 og 13 –13:30

Sími í neyðartilvikum 892- 8804

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

Smiðjustíg 6a, Sími: 486-1866

Málningarvörur-efni og áhöld-sprey á heyrúllur.

Kítti-frauð-gluggapéttilistar-áltröppur.

Fyrir bílinn-hreinsiefni-olíur-þurrkur-perur og öryggi.

Bogasagir-lóðbyssar-strekkiborðar.

Fyrir dýrin-hundamatur-kattamatur-varpfóður-hestavörur.

Eldhúskranar-handlaugarkranar-sturtubarkar og handlaugar.

Múr-Maskinu- og Borðaboltar-skinnur og rær.

Fyrir heimilið-pönnukökuspaði-silicon bökunarform-ryksegulbursti- reykskynjari-skarttengi-balar.

Bréfabindi-pappír-umslög.

Heftibyssur-hefti-límbyssar.

Plast og járn fittings-vatnslásar-niðurföll og botnventlar.

Flísar-parket-dúkar-teppi.

Sement-múrblöndur og flísalím.

Lopi-band-rennilásar-tvinni-nálar.

Nýtt blað frá **Tinnu** núna í ágúst!

**Í september byrjar vetraropnun á
laugardögum frá kl. 11-14.**

VERIÐ VELKOMIN
VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM



Fjallferð

Regngallar - stígvél - gúmmískór - sokkar -
skeifur - fjaðrir - hófnifar




Rafgirðingarefni



Splitti tollar og..

Beisliskúlar - Beislisboltar -
Hringsplitti - R splitti - Klofsplitti -
Smellulásar - Lashlekkir



480 5600

landstolpi.is

**Vetraropnun sundlauga í
Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2011**
Neslaug s: 486 6117 - Skeiðalaug s: 486 5500



Frá 15. ágúst 2011

	<u>Skeiðalaug</u>	<u>Neslaug</u>
Þriðjudaga:	17 – 21	Lokað
Fimmtudaga:	17 - 21	Lokað
Laugardaga:	Lokað	13-17

**Neslaug verður lokað frá 1. nóvember um
óákveðinn tíma.**

**Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem eiga
lögheimili í sveitarfélaginu.**

**Umsjónarmaður sundlauga
óskast til starfa í ca 50% viðveru.**

Umsóknarfrestur til 1. september 2011.

**Upplýsingar á skrifstofu s. 486-6014 og
umsóknir berist þangað eða á
oddviti@skeidgnup.is**

www.skeidgnup.is